

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 30/2003

**Kvörtun Kynnisferða ehf. yfir notkun
Allrahanda ehf. á heitinu *Iceland Excursions***

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi Árna Vilhjálmssonar hrl., dags. 21. maí 2002, kvarta Kynnisferðir ehf. m.a. yfir að Allrahanda ehf. noti enska heitið *Iceland Excursions* yfir starfsemi sína. Ýmis önnur umkvörtunarefni koma fram í bréfi Kynnisferða en við málsmeðferð hjá Samkeppnisstofnun náðist samkomulag milli aðila um aðra þætti en þann sem snýr að ensku heiti Allrahanda og fjallar mál þetta um þann þátt.

Í erindinu kemur fram að Kynnisferðir hafi notað heitið *Reykjavík Excursions* óslitið í yfir 35 ár og það því öðlast markaðsfestu. Rakið er að enska heiti Allrahanda, *Iceland Excursions*, komi fyrst fram á kynningarbæklingi um dagsferðir sumarið 2001. Að mati Kynnisferða er ljóst að hin enska nafngift Allrahanda sé ekki síst valin til að skapa ruglingshættu við Kynnisferðir og enskt nafn þess fyrirtækis, *Reykjavík Excursions*.

Fram kemur að hvort sem Allrahanda eigi rétt til heitisins *Iceland Excursions* eða ekki samkvæmt vörumerkjalögum telji Kynnisferðir að sá réttur takmarkist af 2. málslíð 25. gr. samkeppnislaga. Þar komi fram að réttur til að nota eigin auðkenni sé takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Að mati Kynnisferða hefur Allrahanda tekist að skapa ruglingshættu milli fyrirtækjanna með því að nota heitið *Iceland Excursions* sem líkist verulega *Reykjavík Excursions* heiti Kynnisferða. Fyrirtækin séu í sömu atvinnustarfsemi, höfði til sama markhóps og bæklingar beggja liggja frammi á sömu stöðum. Ætla megi að markmið Allrahanda sé að villa um fyrir ferðamönnum og fá til sín ferðamenn sem hafi hugsað sér að ferðast með Kynnisferðum og brjóti notkun heitisins í bága við góða viðskiptahætti.

2.

Erindi Kynnisferða var sent Allrahanda til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 23. maí 2003. Svar Allrahanda er dagsett 10. júní 2002. Þar segir að *Iceland Excursions* sé skrásett erlent heiti Allrahanda í Hlutafélagaskrá. Í upphafi hafi Allrahanda kynnt dagsferðir fyrirtækisins undir nafninu *Allrahanda Excursions* sem jafnframt hafi verið ferðaskrifstofuheiði þess. Við markaðssetningu erlendis hafi verið erfitt að nota heitið Allrahanda og því ákveðið að breyta því í *Iceland Excursions*. Ferðaskrifstofuheitinu hafi síðan verið breytt þessu til samræmis.

Rakið er að í ensk-íslenskri orðabók Arnar og Örlygs sé orðið *excursion* m.a. þýtt sem „stutt skemmti- eða skoðunarferð, afsláttarferð, skemmtiferðahópur og útúrdúr“. Heitið *Iceland Excursions* gefi því til kynna um hverskonar þjónustu sé að ræða og verði það að teljast lýsandi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vörumerkjagala og fullnægi þar með ekki kröfum laganna um sérkenni. Þá sé það andstætt tilgangi vörumerkjagala að einstakir aðilar geti helgað sér orð, skammstafanir eða orðatiltæki sem séu mjög almenns eðlis. Með vísan til framangreinds vísar Allrahanda kröfum Kynnisferða um að nafnabreytingin brjóti gegn rétti fyrirtækisins á bug. Þá telur Allrahanda að tilfellum þar sem farþegar rugla saman fyrirtækjunum hafi ekki fjölgað frá því að nafnabreytingin átti sér stað.

Allrahanda er eigandi lénnafnanna allrahanda.is, allrahanda.com, icelandexcursions.is, icelandexcursions.com og reykjavikexcursions.com en sérstakt mál hefur verið tekið upp vegna síðast nefnda lénnafnsins.

3.

Málsaðilar tjáðu sig ekki frekar um erlent heiti Allrahanda við málsmeðferð.

Með bréfi, dags. 10. desember 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfum til málsaðila, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu kvarta Kynnisferðir yfir að enskt heiti keppinautarins Allrahanda, *Iceland Excursions*, valdi ruglingi við enskt heiti Kynnisferða, *Reykjavík Excursions*, sem fyrirtækið hefur notað í 35 ár. Slíkt brjótí í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga.

Í 20. gr. samkeppnislaga kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjótí í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérköggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Við málsmeðferð hefur komið fram að Allrahanda hefur skráð í Hlutafélagaskrá heitið *Iceland Excursions Allrahanda ehf.* Jafnframt hefur komið fram að Kynnisferðir hafa í 35 ár notað heitið *Reykjavík Excursions*. Samkeppnisráð telur að gera megi ráð fyrir að með notkun Kynnisferða á heitinu hafi fyrirtækið öðlast vörumerkjarétt á auðkenninu, sé miðað við upphaf notkunar. Er þá gengið út frá að það uppfylli skilyrði vörumerkjalaga um skráningu. Að mati samkeppnisráðs eiga því ákvæði 2. málsliðar 25. gr. við í máli þessu og skal þá litið til hvort villast megi á fyrirtækjunum.

Eins og fram hefur komið náðu Kynnisferðir og Allrahanda samkomulagi meðan á málsmeðferð stóð um m.a. aðgerðir til að stemma stigu við ruglingi sem varðaði

farþega fyrirtækjanna. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð ekki ástæðu til að fjalla nánar um þennan þátt málsins.

Samkeppnisráð telur að enska orðið *excursion* sé almennt orð sem lýsi vel þeirri þjónustu sem bæði fyrirtækin sem hér deila bjóða upp á, þ.e. skoðunarferðir. Þannig vekir orðið að mati samkeppnisráðs skýra hugmynd hjá neytendum um eiginleika þeirrar þjónustu sem fyrirtækin veita. Að mati samkeppnisráð verða fyrirtæki sem velja slík almenn orð til auðkennis að hlíta því að aðrir í áþekkri starfsemi noti lík nöfn. Ekki sé því um að ræða brot gegn ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga. Jafnframt fær samkeppnisráð ekki séð að Allrahanda hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“